



500. fundur stjórnar SASS
haldinn í Ráðhúsi Árborgar á Selfossi
fimmtudaginn 19. nóvember 2015 kl. 14.00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir og Páll Marvin Jónsson. Eggert Valur Guðmundsson forfallaðist og í hans stað kom varamaður hans Arna Ír Gunnarsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 499. fundar undirrituð.

2. Innri mál SASS

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir innri málefni SASS. Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa skipulagsbreytingar á starfsemi SASS og leggja fram tillögur á næsta stjórnarfundi.

3. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.

a) ART verkefnið - tryggja þarf fjármögnun nú þegar

Stjórn SASS 2015 áréttar ályktun ársþings SASS og lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra áætlana ríkisstjórnar um að leggja niður ART verkefnið á Suðurlandi. Skorað er á þingmenn Suðurlands að standa vörð um þetta mikilvæga verkefni og óskað er eftir að félags- og húsnaðismálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið til frambúðar.

b) Samstarf HES og SASS

Framkvæmdastjóra falið að ræða við HES.

c) Virðisaukaskattur á akstursþjónustu sveitarfélaga

Stjórn SASS hefur áhyggjur af álagningu virðisaukaskatts á akstursþjónustu sveitarfélaga s.s. almenningsamgöngur og skólaakstur en við álagninguna mun tilkostnaður SASS og sveitarfélaganna aukast. Stjórn SASS skorar á Alþingi að áfram verði sveitarfélögin undanþegin virðisaukaskatti á akstursþjónustu og að það gildi um akstur fatlaðra, aldraðra, almenningsamgöngur og skólaakstur.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 14. desember nk. kl. 12:00.



Fundi slitið kl. 16:30

Gunnar Þorgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Elín Einarsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Sæmundur Helgason
Ágúst Sigurðsson
Bjarni Guðmundsson